

Álit og tillögur

frá Svandísi Svavarsdóttur nefndarmanni í kjörbréfanefnd.

Sá hluti nefndarinnar sem stendur að áliti þessu tekur undir álit Birgis Ármannssonar, Diljár Mistar Einarsdóttur, Ingu Sæland, Jóhanns Friðriks Friðrikssonar, Líneikar Önnu Sævarsdóttur og Vilhjálms Árnasonar um ágreiningsatkvæði, úthlutun þingsæta, bókanir umboðsmanna og aðrar aðfinnslur og ábendingar og áréttingar, sbr. I., II. og IV. kafla álitsins. Þá tekur undirrituð undir umfjöllun í fyrrnefndu áliti um kosningakæru, að því marki sem efni þeirra lýtur að öðru en framkvæmd kosninga í Norðvesturkjördæmi, sbr. III.1. kafla álitsins.

Við kosningar til Alþingis gildir sú grundvallarregla að þær séu lýðræðislegar og að hinn lýðræðislegi vilji kjósenda fái að njóta sín. Leiðir þessi regla af ákvæðum 31. gr. og 33. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944. Lög um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, taka mið af þessari grundvallarreglu og öll framkvæmd kosninga þarf þar með að taka mið af þessu. Ákvæði laga um kosningar til Alþingis ber ekki að skilja þannig að ekkert megi út af bregða við framkvæmdina en því fleiri og alvarlegri sem frávikin verða þeim mun ríkari verður þörfin á að meta hvort þau séu í eðli sínu ágallar sem hafa áhrif á niðurstöðu kosninganna og leiði til þess að Alþingi þurfi að úrskurða kosningu ógilda í skilningi 3. mgr. 120. gr. laganna.

Undirbúningsnefnd fyrir rannsókn kjörbréfa kom saman til síns fyrsta fundar þann 4. október 2021 og hefur fundað reglulega síðan, farið yfir kæru sem borist hafa, kannað kjörgögn úr Norðvesturkjördæmi og fengið gesti á sinn fund, þar á meðal sérfræðinga, talningarfólk, starfsfólk Hótel Borgarness þar sem talning fór fram og fulltrúa í yfirkjörstjórn kjördæmisins. Málsatvikum og umfjöllun um kæru er vel til haga haldið í greinargerð undirbúningskjörbréfanefndar, sbr. kafla III.2, enda stendur undirrituð að henni og framsetningu hennar.

Á fundi landskjörstjórnar þann 1. október 2021 var bókað að ekki hafi borist staðfesting frá yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis á að meðferð og varðveisla kjörgagna á talningarstað í kjördæminu hafi verið fullnægjandi. Bent var á að skv. 46. gr. stjórnarskrárinnar væri það hlutverk Alþingis að úrskurða um gildi alþingiskosninga.

Í áliti þessu er sérstaklega fjallað um meðferð og varðveislur kjörgagna á talningarstað með vísun til bókonar landskjörstjórnar þess efnis og þar með vægi þess ágalla sem um ræðir. Auk þess er fjallað um meðferð og vörslu kjörgagna í kafla III.2.5.2 í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa. Reglur er lúta að vörslu og meðferð kjörgagna eru öryggisreglur sem ætlað er að tryggja að hinn lýðræðislegi vilji kjósenda fái sannarlega að njóta sín. Hafa þarf í huga að slíkum formreglum er almennt ætlað að auka líkur á því að farið sé eftir efnisreglum og að efnislega rétt niðurstaða verði í máli en ekki síður að almenningur geti treyst því að svo sé.

Í lögum um kosningar til Alþingis er fjallað um meðferð og vörslu kjörgagna á fjölmörgum stöðum. Í 4. mgr. 19. gr. laganna kemur fram að dómsmálaráðuneytið láti kjörstjórnnum í té embættisinsigli og í XI. kafla, þar sem fjallað er um kjörgögn, segir í 3. mgr. 54. gr. að þegar yfirkjörstjórnir sendi undirkjörstjórnnum kjörseðla skuli þeir vera innsiglaðir með embættisinsigli svo „vandlega að eigi sé auðið að opna umbúðirnar og ná út seðlum án þess að brjóta innsiglið“. Í XII. kafla, sem hefur að geyma reglur um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar, segir í 1. mgr. 65. gr. að atkvæðakassi skuli innsiglaður af kjörstjóra ásamt hlutaðeigandi kjörstjórn og er umboðsmönnum lista heimilt að setja á hann innsigli sín. Í 67. gr. kemur fram að kjósandi geti krafist þess af hverjum þeim sem varðveittir bréf með atkvæði hans, sé það ekki varðveitt í innsigluðum atkvæðakassa, að hann afhendi sér það, allt þar til atkvæðið hafi verið tekið gilt af undirkjörstjórn. Þá kemur fram í XIV. kafla, sem tekur til atkvæðagreiðslu á kjörfundi, að kosningarathöfn byrji með því að oddviti kjörstjórnar leggi fram seðlaböggul þann sem hann hafi fengið frá yfirkjörstjórn og skuli þess gætt hvort innsiglin séu heil, sbr. 72. gr. Þegar kjörstjórn hefur borist atkvæðakassi með atkvæðum greiddum utan kjörfundar skal athuga hvort innsigli kassans séu heil og ósködduð, sbr. 73. gr. Þá er í 95. gr. fjallað um notkun innsigla þegar atkvæðagreiðslu hefur verið slitið. Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að kjörstjórn skuli innsigla kjörgögn og í 3. mgr. sömu greinar segir að eftir að kjörstjórn hafi gengið frá kjörgögnum megi „hin innsigluðu kjörgögn og innsigli kjörstjórnar eigi vera í vörslu sama mannsins“. Í 1. og 2. mgr. 96. gr. eru loks ákvæði um að ef yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn sé viðstödd á kjörstað og talning atkvæða fer fram samstundis megi kjörstjórn afhenda yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn atkvæðakassann

óinnsiglaðan að viðstöddum umboðsmönnum lista en um leið og kosningu sé lokið og kjörstjórn hefur unnið nauðsynlegar skýrslur úr kjörskránni sendi hún kjörskráreintök þau sem notuð voru við kosninguna í innsigliðum umbúðum til yfirkjörstjórnar eða eftir atvikum til umdæmiskjörstjórnar. Í XV. kafla, sem hefur að geyma ákvæði um kosningaúrslit í kjördæmum, kemur fram í 1. mgr. 99. gr. að yfirkjörstjórn eða umdæmiskjörstjórn þurfi að ganga úr skugga um að öll innsigli séu ósködduð þegar atkvæðasendingar úr hverri kjördeild eru opnaðar. Sé þetta gert í viðurvist umboðsmanna flokka eða valinkunnra manna sem gæti réttar lista. Í 5. mgr. 103. gr. eru reglur er lúta að notkun innsigla þegar talning fer fram hjá umdæmiskjörstjórn og í 104. gr. eru reglur um hvernig yfirkjörstjórn skal innsigla að talningu lokinni. Samkvæmt 1. mgr. 104. gr. skal að talningu lokinni loka umslögum með ágreiningsseðlum með innsigli yfirkjörstjórnar og eiga umboðsmenn lista rétt á að setja einnig fyrir þau innsigli sín. Yfirkjörstjórn sendir dómsmálaráðuneytinu eftirrit af gerðabók sinni viðvíkjandi kosningunni ásamt ágreiningsseðlunum sem ráðuneytið leggur fyrir Alþingi í þingbyrjun með sömu ummerkjum sem það tók við þeim. Í 2. mgr. sömu greinar kemur fram að yfirkjörstjórn skuli setja alla notaða kjörseðla undir innsigli og skuli gildum og ógildum kjörseðlum haldið sér. Kjörseðlana skuli geyma þar til Alþingi hefur úrskurðað um gildi kosninganna, sbr. 120. gr., enda sé þeirra eigi þörf vegna kæru sem beint hefur verið til lögreglustjóra. Að því búnu skuli eyða kjörseðlunum og skrá yfirlýsingu um það í gerðabók yfirkjörstjórnar. Þá kemur fram í 3. mgr. greinarinnar að yfirkjörstjórn skuli búa um allar kjörskrár í innsigliðum umbúðum og senda ráðuneytinu sem geymir þær í eitt ár, en að því búnu skuli eyða þeim.

Af framangreindu er ljóst að reglur er lúta að vörslu kjörgagna eru eins og rauður þráður í gegnum alla kosningalöggjöfina. Bæði eru reglur um notkun á embættisinnsigli fyrirferðarmiklar en lögin hafa einnig að geyma reglur sem ætlað er að tryggja að sami maðurinn sé t.d. aldrei einn með í vörslum sínum bæði innsiglið kjörgögn og innsigli kjörstjórna. Það má ljóst vera að ákvæði um innsigli kjörgagna og að enginn sé í einrúmi með kjörgögnum byggjast á því að hvað sem líður heiðarleika fólks þarf framkvæmd kosninga og talningu að vera þannig hagað að almenningur geti ótvírætt treyst því að tryggt sé að hin efnislega rétta niðurstaða, vilji kjósendanna, hafi verið leiddur í ljós. Brot á þessum ákvæðum eru til þess fallin að kasta rýrð á það traust.

Það er undirstaða réttaröryggis í íslenskri stjórnsýslu að borgararnir geti borið traust til handhafa opinbers valds. Þannig er ekki nægjanlegt að stjórnvöld fari í reynd málefnalega að við úrlausn mála, ef það er almennt ekki sýnilegt öðrum. Því er mikilvægt að málsmeðferð stjórnvalda sé ekki með þeim hætti að hún dragi úr tiltrú almennings á því að komist hafi verið að réttri niðurstöðu í máli.¹ Þeim réttaröryggisreglum laga um kosningar til Alþingis, og undirliggjandi meginreglum, sem lúta að innsigli atkvæða og því að enginn sé í einrúmi með óinnsigliðum atkvæðum, er hvort tveggja ætlað að tryggja að ekki sé unnt að hafa áhrif á niðurstöður kosninga í reynd en ekki síður að ekki sé unnt að bera brigiður á niðurstöðuna, þ.e. að ásýndin sé trúverðug. Vandamálið er hins vegar að ef þessar reglur eru brotnar með þeim hætti sem á við í þessu máli er nær ógerningur að fullyrða hvort í raun hafi verið átt við atkvæði. Er þá komin upp sú staða að ekki er heldur unnt að útiloka það. Þá vill svo til að niðurstaða fyrri talningar og þeirrar talningar, sem fram fór eftir að framanrakin ákvæði höfðu verið brotin við meðferð kjörgagna, var ekki sú sama og munaði nægjanlega miklu til að hreyfing yrði á þingsætum. Þessi aðstaða, óháð því hvort átt var við atkvæði eða ekki, er svo sannarlega til þess fallin að rjúfa traust almennings og trúverðugleika um niðurstöðu kosningarinnar. Með því er lýðræðinu í raun teft í tvísýnu.

Af málsatvikum í kafla III.2.2 og af kafla III.2.5.2 í greinargerð undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbrefa er ljóst að verulegir annmarkar voru á vörslu og meðferð kjörgagna frá því að yfirkjörstjórn yfirgaf talningarstað um kl. 7.00 um morguninn 26. september 2021 og þar til hún var mætt aftur til starfa um og upp úr kl. 12.00. Notkun embættisinnsiglis var ekki í samræmi við skýr ákvæði laganna, kjörgögn voru óinnsiglið í um fimm klukkustundir og oddviti yfirkjörstjórnar var í 35 mínútur einn með óinnsigliðum kjörgögnum. Ef talið hefði verið aftur eftir að einstaklingur var einn með atkvæðum og talningin væri söm, þ.e. að ljóst væri með þeim samanburði og þar með hafið yfir vafa að ekki hefði verið átt við kjörgögnin, væri það tæpast ógildingarannmarki.

Í ógildingarfræðum stjórnsýsluréttarins er litið svo á að unnt sé að ógilda ákvarðanir eftir tveimur ólíkum mælikvörðum, annars vegar almennum mælikvarða og hins vegar sérstökum mælikvarða. Með almennum mælikvarða er átt við að ákvörðun sé ógild þegar af þeirri ástæðu að annmarki sé til staðar, óháð því hvort hann hafi haft áhrif á efnislega niðurstöðu málsins. Sérstakur mælikvarði vísar til þess að ákvörðun sé ekki ógild vegna annmarka nema annmarkinn hafi haft áhrif á niðurstöðuna. Sérstökum mælikvarða er svo ýmist beitt þannig að sýna þurfi fram á áhrif annmarkans á niðurstöðuna, eða þannig að ógilt sé þar sem ekki sé

¹ Sjá til hliðsjónar Páll Hreinsson: Hæfisreglur stjórnsýslulaga. Reykjavík 2005, bls. 340.

hægt að útiloka eða sanna að annmarkinn hafi ekki haft áhrif. Eðlilegt þykir að horfa til ógildingarreglna stjórnsluréttarins við túlkun á efnislegu inntaki ógildingarreglu laga um kosningar til Alþingis.

Í 1. másl. 3. mgr. 120. gr. laga um kosningar til Alþingis segir að ef þeir gallar eru á framboði eða kosningu þingmanns sem ætla megi að hafi haft áhrif á úrslit kosningarinnar úrskurðar Alþingi kosningu hans ógilda og einnig án þess ef þingmaðurinn sjálfur, umboðsmenn hans eða meðmælendur hafi vísitandi átt sök á misfellunum, enda séu þær verulegar. Af orðalagi ákvæðisins leiðir að beita skal sérstökum mælikvarða þegar ráða skal hvort annmarki á framkvæmd kosningar skuli leiða til ógildingar. Hins vegar má ráða af dómaframkvæmd Hæstaréttar Íslands að við beitingu á slíkum mælikvarða þurfi aðferðafræðin að vera sú, ef ómögulegt er að sanna eða afsanna áhrif annmarkans, að ógilda þurfi ef annmarkinn sé til þess fallinn að hafa áhrif.

Fyrir liggur að alvarlegir annmarkar voru á framkvæmd talningar í Norðvesturkjördæmi, þ.e. ótrygg varðveisla kjörgagna í opnum sal og umferð oddvita kjörstjórnar við kjörgögn í einrúmi. Eftir ítarlega rannsókn undirbúningsnefndar hefur ekki reynst unnt að staðreyna með vissu hvort þessir annmarkar höfðu áhrif á niðurstöðu kosninganna, eða ekki. Fyrir liggur jafnframt að aðeins örfá atkvæði, til eða frá, höfðu nokkuð víðtæk áhrif á niðurstöðu kosningarinnar og úthlutun þingsæta. Ekki er unnt að útiloka með vissu að framangreindir annmarkar hafi haft áhrif og annmarkarnir feli í sér brot á þeim ákvæðum kosningalaga sem ætlað er að tryggja að unnt sé að ganga úr skugga um rétta talningu og að almenningur geti treyst því að svo hafi verið. Verður því, í ljósi meginreglu um að með kosningum skuli lýðræðislegur vilji kjósenda leiddur í ljós, að úrskurða kosninguna ógilda og boða til uppkosningar í Norðvesturkjördæmi.

Með vísan til 121. gr. laga um kosningar til Alþingis er það afstaða undirritaðrar að uppkosning þurfi að fara fram í Norðvesturkjördæmi. Dómsmálaráðuneytið þarf að kveðja til nýrra kosninga í kjördæminu og ákveða kjördag svo fljótt sem því verður við komið og eigi síðar en innan mánaðar frá endanlegri ákvörðun Alþingis, sbr. 115. gr. laganna. Að lokinni uppkosningu er það hlutverk landskjörstjórnar að endurúthluta kjördæmasætum í því kjördæmi og úthluta jöfnunarsætum að nýju, sbr. 113. gr. laganna.

Tillögur.

Þegar litið hefur verið til þess sem rakið hefur verið hér að framan leggur undirrituð til, í samræmi við 46. gr. stjórnarskrárinnar og 2. mgr. 1. gr. laga um þingsköp Alþingis, sbr. 5. gr. þeirra laga, að kosningarnar í Norðausturkjördæmi, Suðurkjördæmi, Suðvesturkjördæmi, Reykjavíkurborgkjördæmi suður og Reykjavíkurborgkjördæmi norður teljist gildar en að kosningar í Norðvesturkjördæmi teljist ógildar. Í samræmi við það verði kjörbréf eftirfarandi aðalmanna og varamanna **samþykkt**.

Aðalmenn:

1. Ingibjörg Ólöf Isaksen, 1. þm. Norðausturkjördæmis.
2. Njáll Trausti Friðbertsson, 2. þm. Norðausturkjördæmis.
3. Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, 3. þm. Norðausturkjördæmis.
4. Líneik Anna Sævarsdóttir, 4. þm. Norðausturkjördæmis.
5. Logi Már Einarsson, 5. þm. Norðausturkjördæmis.
6. Berglind Ósk Guðmundsdóttir, 6. þm. Norðausturkjördæmis.
7. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, 7. þm. Norðausturkjördæmis.
8. Jakob Frímann Magnússon, 8. þm. Norðausturkjördæmis.
9. Þórarinn Ingi Pétursson, 9. þm. Norðausturkjördæmis.

10. Guðrún Hafsteinsdóttir, 1. þm. Suðurkjördæmis.
11. Sigurður Ingi Jóhannsson, 2. þm. Suðurkjördæmis.
12. Ásthildur Lóa Þórsdóttir, 3. þm. Suðurkjördæmis.
13. Vilhjálmur Árnason, 4. þm. Suðurkjördæmis.
14. Jóhann Friðrik Friðriksson, 5. þm. Suðurkjördæmis.
15. Ásmundur Friðriksson, 6. þm. Suðurkjördæmis.
16. Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, 7. þm. Suðurkjördæmis.
17. Oddný G. Harðardóttir, 8. þm. Suðurkjördæmis.
18. Birgir Þórarinsson, 9. þm. Suðurkjördæmis.

19. Bjarni Benediktsson, 1. þm. Suðvesturkjördæmis.
20. Jón Gunnarsson, 2. þm. Suðvesturkjördæmis.
21. Willum Þór Þórssen, 3. þm. Suðvesturkjördæmis.
22. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, 4. þm. Suðvesturkjördæmis.

23. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, 5. þm. Suðvesturkjördæmis.
24. Bryndís Haraldsdóttir, 6. þm. Suðvesturkjördæmis.
25. Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, 7. þm. Suðvesturkjördæmis.
26. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvesturkjördæmis.
27. Guðmundur Ingi Kristinsson, 9. þm. Suðvesturkjördæmis.
28. Óli Björn Kárason, 10. þm. Suðvesturkjördæmis.
29. Ágúst Bjarni Garðarsson, 11. þm. Suðvesturkjördæmis.

30. Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, 1. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
31. Svandís Svavarsdóttir, 2. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
32. Kristrún Mjöll Frostadóttir, 3. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
33. Lilja Dögg Alfreðsdóttir, 4. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
34. Hildur Sverrisdóttir, 5. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
35. Björn Leví Gunnarsson, 6. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
36. Inga Sæland, 7. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
37. Hanna Katrín Friðriksson, 8. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.
38. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður.

39. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
40. Katrín Jakobsdóttir, 2. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
41. Halldóra Mogensen, 3. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
42. Helga Vala Helgadóttir, 4. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
43. Ásmundur Einar Daðason, 5. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
44. Diljá Mist Einaradóttir, 6. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
45. Steinunn Þóra Árnadóttir, 7. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
46. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, 8. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.
47. Tómas A. Tómasson, 9. þm. Reykjavíkurrkjördæmis norður.

Varamenn:

1. Helgi Héðinsson, 1. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
2. Berglind Harpa Svavarsdóttir, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi.
3. Óli Halldórsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Norðausturkjördæmi.
4. Halldóra K. Hauksdóttir, 2. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
5. Hilda Jana Gísladóttir, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.
6. Ragnar Sigurðsson, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi.
7. Anna Kolbrún Árnadóttir, 1. vþm. Miðflokksins í Norðausturkjördæmi.
8. Katrín Sif Árnadóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Norðausturkjördæmi.
9. Kristinn Rúnar Tryggvason, 3. vþm. Framsóknarflokks í Norðausturkjördæmi.
10. Kári Gautason, 2. vþm. Vinstri-gr. í Norðausturkjördæmi.
11. Björgvin Jóhannesson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
12. Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
13. Georg Eiður Arnarson, 1. vþm. Flokks fólksins í Suðurkjördæmi.
14. Ingveldur Anna Sigurðardóttir, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
15. Njáll Ragnarsson, 2. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
16. Jarl Sigurgeirsson, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðurkjördæmi.
17. Ásgerður Kristín Gylfadóttir, 3. vþm. Framsóknarflokks í Suðurkjördæmi.
18. Viktor Stefán Pálsson, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi.
19. Erna Bjarnadóttir, 1. vþm. Miðflokksins í Suðurkjördæmi.
20. Þórunn Wolfram Pétursdóttir, 1. vþm. Viðreisnar í Suðurkjördæmi.
21. Arnar Þór Jónsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
22. Sigþrúður Ármann, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
23. Anna Karen Svövdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Suðvesturkjördæmi.
24. Una Hildadóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Suðvesturkjördæmi.
25. Elín Anna Gísladóttir, 1. vþm. Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.
26. Kristín María Thoroddsen, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.

27. Eva Sjöfn Helgadóttir, 1. vþm. Pírata í Suðvesturkjördæmi.
28. Guðmundur Andri Thorsson, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi.
29. Jónína Björk Óskarsdóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Suðvesturkjördæmi.
30. Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, 4. vþm. Sjálfstæðisflokks í Suðvesturkjördæmi.
31. Kristín Hermannsdóttir, 2. vþm. Framsóknarflokks í Suðvesturkjördæmi.
32. Thomas Möller, 2. vþm. Viðreisnar í Suðvesturkjördæmi.
33. Indriði Ingi Stefánsson, 2. vþm. Pírata í Suðvesturkjördæmi.

34. Friðjón R Friðjónsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
35. Daníel E. Arnarsson, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
36. Rósa Björk Brynjólfsson, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
37. Aðalsteinn Haukur Sverrisson, 1. vþm. Framsóknarflokks í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
38. Ágústa Guðmundsdóttir, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
39. Halldór Auður Svansson, 1. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
40. Wilhelm Wessman, 1. vþm. Flokks fólksins í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
41. Daði Már Kristófersson, 1. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
42. Vigfús Bjarni Albertsson, 3. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
43. Brynhildur Björnsdóttir, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgarsýslu suður.
44. Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, 2. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgarsýslu suður.

45. Brynjar Þór Níelsson, 1. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
46. Eva Dögg Davíðsdóttir, 1. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
47. Lenya Rún Taha Karim, 1. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
48. Dagbjört Hákonardóttir, 1. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
49. Brynja Dan Gunnarsdóttir, 1. vþm. Framsóknarflokks í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
50. Kjartan Magnússon, 2. vþm. Sjálfstæðisflokks í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
51. René Biasone, 2. vþm. Vinstri-gr. í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
52. Jón Steindór Valdimarsson, 1. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
53. Kolbrún Baldursdóttir, 1. vþm. Flokks fólksins í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
54. Valgerður Árnadóttir, 2. vþm. Pírata í Reykjavíkurborgarsýslu norður.
55. Magnús Árni Skjöld Magnússon, 2. vþm. Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborgarsýslu norður.

Varamaður, kjörbréf gefið út 22. nóvember 2021.

María Rut Kristinsdóttir, 2. vþm. Viðreisnar í Reykjavíkurborgarsýslu suður.

Alþingi, 25. nóvember 2021.

Svandís Svavarsdóttir.